

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?

Á árinu 2007 hefur engin fjölgun starfsmanna orðið hjá ráðuneytinu eða stofnunum þess á höfuðborgarsvæðinu en þann 1. janúar 2007 fluttust 11 rannsóknastörf frá Umhverfisstofnun til nýrrar stofnunar, Mátis ohf. Störfum á vegum ráðuneytisins og stofnana þess fækkaði því um 11 á árinu á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölgun hjá stofnunum ráðuneytisins á landsbyggðinni voru alls 1,5 störf.

2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Hjá stofnunum ráðuneytisins er fjölgun starfa utan höfuðborgarsvæðisins áætluð um 2,5–3 störf. Jafnframt er reiknað með að önnur verkefni á vegum ráðuneytisins muni leiða til tveggja eða þriggja nýrra starfa tímabundið til fimm ára utan höfuðborgarsvæðisins.